

Ferill fundarbókana er varða erindið:

Málsnúmer: 2019100083
Málsheiti: Snjómokstur Ísafirði og Hnífsdal, útboð.
Málsaðili: Ísafjarðarbær
Skráð af: Brynjar Þór Jónasson
Ábyrgðaraðili: Brynjar Þór Jónasson

Fundur: Bæjarstjórn - 462 (1.10.2020) - Snjómokstur Ísafirði og Hnífsdal, útboð.

Dags: 01.10.2020

Inngangur: Tillaga frá 1123. fundi bæjarráðs, sem fram fór 28. september 2020, um að bæjarstjórn samþykki tilboð í snjómokstur, í samræmi við minnisblað sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs.

Niðurst.: Til máls tóku: Kristján Þór Kristjánsson, forseti, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Hafdís Gunnarsdóttir og Sigurður J. Hreinsson.

Sigurður J. Hreinsson, bæjarfulltrúi Í-lista, lagði fram eftirfarandi bókun:

„Grundvöllur faglegra ákvarðana er að allar upplýsingar í viðkomandi máli liggi fyrir, þannig er hægt að veða og meta alla kosti og galla og möguleg tækifæri og hættur samhliða endanlegri ákvörðun.

Í umræddu máli er hinsvegar ekki hægt að benda á neitt faglegt, hvorki í ákvarðanatökunni eða vinnubrögðunum. Auðveldlega má sýna fram á að útvistun þessara verkefna sé fjárhagslega óhagstætt fyrir bæjarsjóð og einnig má auðveldlega sýna fram á að útvistun með þessum hætti sé óhagstæð fyrir verktaka á svæðinu. Kröfur um tækjabúnað eru verulega íþyngjandi og mjög hæpið að nokkur af umræddum verktökum komi til með að standa þær kröfur þegar til á að taka.

Vinnubrögð stjórnsýslunnar og meirihlutans í þessu máli eru til skammar.“

Forseti ber tillöguna upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt 5-4.

Fundur: Bæjarráð - 1123 (28.9.2020) - Snjómokstur Ísafirði og Hnífsdal, útboð.

Dags: 28.09.2020

Inngangur: Lagt fram minnisblað Axels R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 22. september 2020 vegna útboðs snjómoksturs í Skutulsfirði og Hnífsdal.

Jafnframt lögð fram til kynningar opnunarskýrsla Ríkiskaupa, dags. 13. ágúst 2020, vegna útboðs á vetrarþjónustu í Skutulsfirði og Hnífsdal, ásamt minnisblaði Axels Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 20. ágúst 2020, um vetrarþjónustu á Ísafirði og í Hnífsdal.

Jafnframt lögð fram til kynningar áætlun um tekjur áhaldahúss vegna vetrarþjónustu, frá nóvember 2019, og minnisblað fyrrverandi sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, Brynjars Þórs Jónassonar, dags. 25. október 2019, vegna málsins.

Niðurst.: Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tilboð í snjómokstur, í samræmi við minnisblað sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs.

Fundur: Bæjarstjórn - 461 (17.9.2020) - Snjómokstur Ísafirði og Hnífsdal, útboð.

Dags: 17.09.2020

Inngangur: Tillaga frá 1120. fundi bæjarráðs, sem fram fór 7. september 2020, um að bæjarstjórn samþykki tilboð í snjómokstur, í samræmi við minnisblað sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs.

Niðurst.: Til máls tóku: Kristján Þór Kristjánsson, forseti, Kristján Andri Guðjónsson, Sigurður Jón Hreinsson, Daníel Jakobsson, Jónas Þór Birgisson, Þórir Guðmundsson, og Arna Lára Jónsdóttir.

Sigurður Jón Hreinsson leggur fram breytingatillögu um frestun máls þar til á næsta bæjarstjórnarfundum.

Forseti ber breytingatillöguna upp til atkvæða.

Breytingatillagan samþykkt 8-0.

Kristján Andri Guðjónsson situr hjá við atkvæðagreiðslu.

Fundur: Bæjarstjórn - 461 (17.9.2020) - Snjómokstur Ísafirði og Hnífsdal, útboð.

Dags: 17.09.2020

Inngangur: Tillaga frá 1120. fundi bæjarráðs, sem fram fór 7. september 2020, um að bæjarstjórn samþykki tilboð í snjómokstur, í samræmi við minnisblað sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs.

Niðurst.: Til máls tóku: Kristján Þór Kristjánsson, forseti, Kristján Andri Guðjónsson, Sigurður Jón Hreinsson, Daníel Jakobsson, Jónas Þór Birgisson, Þórir Guðmundsson, og Arna Lára Jónsdóttir.

Sigurður Jón Hreinsson leggur fram breytingatillögu um frestun máls þar til á næsta bæjarstjórnarfundum.

Forseti ber breytingatillöguna upp til atkvæða.

Breytingatillagan samþykkt 8-0.

Kristján Andri Guðjónsson situr hjá við atkvæðagreiðslu.

Fundur: Bæjarráð - 1120 (7.9.2020) - Snjómokstur Ísafirði og Hnífsdal, útboð.

Dags: 07.09.2020

Inngangur: Lögð fram opunarskýrsla Ríkiskaupa dags. 13. ágúst sl., vegna útboðs á vetrarþjónustu í Skutulsfirði og Hnífsdal, ásamt minnisblaði Axels Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs dags. 20. ágúst sl., um vetrarþjónustu á Ísafirði og í Hnífsdal.

Niðurst.: Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tilboð í snjómokstur, í samræmi við minnisblað sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs.

Fundur: Bæjarráð - 1106 (18.5.2020) - Snjómokstur Ísafirði og Hnífsdal, útboð.

Dags: 18.05.2020

Inngangur: Lagt fram minnisblað umhverfis- og eignasviðs, dags. 14. maí 2020, með svörum til handa Örnunni Láru Jónsdóttur, bæjarfulltrúa Í-listans, en óskað hafði verið eftir nánar tilgreindrum upplýsingum um snjómokstur á 1105. fundi bæjarráðs, þann 10. maí sl.

Niðurst.: Lagt fram til kynningar.

Arnna Lára Jónsdóttir, bæjarfulltrúi Í-listans þakkar fyrir svörin.

Fundur: Bæjarráð - 1106 (18.5.2020) - Snjómokstur Ísafirði og Hnífsdal, útboð.

Dags: 18.05.2020

Inngangur: Lagt fram minnisblað umhverfis- og eignasviðs, dags. 14. maí 2020, með svörum til handa Örnunni Láru Jónsdóttur, bæjarfulltrúa Í-listans, en óskað hafði verið eftir nánar tilgreindrum upplýsingum um snjómokstur á 1105. fundi bæjarráðs, þann 10. maí sl.

Niðurst.: Lagt fram til kynningar.

Arnna Lára Jónsdóttir, bæjarfulltrúi Í-listans þakkar fyrir svörin.

Fundur: Bæjarráð - 1106 (18.5.2020) - Snjómokstur Ísafirði og Hnífsdal, útboð.

Dags: 18.05.2020

Inngangur: Lagt fram minnisblað umhverfis- og eignasviðs, dags. 14. maí 2020, með svörum til handa

Örnu Láru Jónsdóttur, bæjarfulltrúa Í-listans, en óskað hafði verið eftir nánar tilgreindrum upplýsingum um snjómokstur á 1105. fundi bæjarráðs, þann 10. maí sl.
Niðurst.: Lagt fram til kynningar.

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarfulltrúi Í-listans þakkar fyrir svörin.

Fundur: Bæjarráð - 1105 (10.5.2020) - Snjómokstur Ísafirði og Hnífsdal, útboð.

Dags: 10.05.2020

Inngangur: Lagður fram tölvupóstur frá Örnu Láru Jónsdóttur, bæjarfulltrúa Í-listans, dags. 4. apríl 2020, þar sem óskað er svara vegna eftirfarandi atriða er varða snjómokstur:

1. Hver er kostnaður Ísafjarðarbæjar við snjómokstur fyrstu þrjá mánuði ársins, skipt niður á mánuði?
2. Hvernig skiptist þessi kostnaður milli byggðakjarna innan Ísafjarðarbæjar?
3. Hver hlutur tækja í eigu Ísafjarðarbæjar á Ísafirði annars vegnar og verktaka í snjómokstri á Ísafirði hins vegar.
4. Hver var kostnaður vegna snjómoksturs á göngustígum.
5. Er kostnaður vegna mokstur og hreinsunar vegna snjóflóðsins á Flateyri sundurliðaðir sérstaklega og er hægt að sækja þann kostnað til ríkisins?

Niðurst.: Bæjarráð felur bæjarstjóra málið til úrvinnslu.

Fundur: Bæjarráð - 1104 (4.5.2020) - Snjómokstur Ísafirði og Hnífsdal, útboð.

Dags: 04.05.2020

Inngangur: Kynnt drög að útboði frá Axel R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 30. apríl sl., vegna vetrarþjónustu í Skutulsfirði og Hnífsdal.

Niðurst.: Lagt fram til kynningar.

Bæjarráð felur Axel R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs að gera breytingar í samræmi við umræður, áður en verkið verður boðið út.

Fundur: Bæjarráð - 1097 (9.3.2020) - Snjómokstur Ísafirði og Hnífsdal

Dags: 09.03.2020

Inngangur: Lagt fram minnisblað Axels Rodriguez Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 5. mars. 2020, um snjómokstur á árinu 2020.

Niðurst.: Bæjarstjóra er falið að kanna með hvaða hætti er hægt að koma til móts við aukinn kostnað á árinu 2020 vegna snjómoksturs.

Fundur: Bæjarráð - 1089 (13.1.2020) - Snjómokstur Ísafirði og Hnífsdal, útboð.

Dags: 13.01.2020

Inngangur: Kynnt er tillaga að útboði á vetrarþjónustu í Ísafirði og Hnífsdal.

Niðurst.: Tillaga að útboði kynnt fyrir bæjarfulltrúum.

Fundur: Bæjarráð - 1082 (11.11.2019) - Snjómokstur Ísafirði og Hnífsdal, útboð.

Dags: 11.11.2019

Inngangur: Kynnt minnisblað Brynjars Þórs Jónassonar, fyrrv. sviðstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 25. október 2019, þar sem lagt er mat á kostnað við kaup á nýju snjómoksturstæki og mögulegt útboð á vetrarþjónustu á Ísafirði og í Hnífsdal.

Bæjarráð tók málið fyrir á 1080. fundi sínum 28. október sl., og frestaði afgreiðslu þess

Niðurst.: Meirihluti bæjarráðs samþykkir að unnið sé að útboði á vetrarþjónustu á Ísafirði og í Hnífsdal.

Fundur: Bæjarráð - 1080 (28.10.2019) - Snjómokstur Ísafirði og Hnífsdal, útboð.

Dags: 28.10.2019

Inngangur: Kynnt minnisblað sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar, Brynjars Þórs Jónassonar, dagsett 25. október 2019, þar sem lagt er mat á kostnað við kaup á nýju snjómoksturstæki og mögulegt útboð á vetrarþjónustu á Ísafirði og í Hnífsdal.

Niðurst.: Bæjarráð ákveður að frestar umræðu um vetrarþjónustu á Ísafirði og í Hnífsdal til næsta fundar.